



Upprunagreining svifryks á Akureyri. Snævarr Örn Georgsson. Efla hf. – júní 2023.

Ágrip skýrsluhöfundar:

Frá því í nóvember 2020 fram í júní 2021 voru tekin svifrykssýni við Strandgötu á Akureyri til að meta samsetningu svifryksins. Svifrykssýnum var safnað á teflonsíur með sérstökum svifrykssafnara sem Umhverfisstofnun lagði til. Ryksýnin voru síðan efnagreind með plasma-massagreini og gerðar á þeim endurvarpsmælingar. Út frá niðurstöðum mælinga var útbúið fjölbreytulíkan til að rekja uppruna svifryksins. Til að fá viðmiðunargildi var safnað ryki af ætluðum uppsprettum á sams konar síur og með sama ryksafnara þannig að uppsprettusýnin og raunverulegu ryksýnin fengu sömu meðhöndlun. Eftirfarandi niðurstöður fengust:

- Malbik 36%
- Sandur 22%
- Jarðvegur 21%
- Salt 18%
- Bremsur 3%
- Sót 1%